






Skýringartextar við töflur og myndir

Tafla 1: Ávextir

<p>Banani er ávöxtur bananaplöntunnar. Helstu ræktunarsvæði eru nálægt miðbaug jarðar. Bananaplantan er fjölær og ein stærsta planta í heimi sem ekki er tré. Bananaplantan blómstrar og hvert blóm verður að banana. Þau vaxa í röðum og inniheldur hver röð um 15–30 banana. Á hverjum stilk plöntunar eru 7–10 raðir. Þegar plantan er um 9 mánaða eru bananarnir hirtir og plantan skorin niður. Hún vex síðan aftur úr sömu rótinni, líkt og rabarbari. Hýði banananna er grænt þegar þeir eru óþroskaðir og nýttindir, en þeir gulna eftir því sem þroskinn er meiri.</p>	 <p>Mynd 1: Bananar</p>
<p>Epli er aldinávöxtur eplatrésins sem er af rósaætt. Eplatré eru lauftré sem komu upprunalega frá Mið-Asíu. Til eru yfir 7.500 þekkt plöntuafbrigði af eplum. Epli er sá ávöxtur sem er hvað mest ræktaður í heiminum. Þau eru ýmist með gult, grænt eða rautt hýði eða þá að litur þeirra er blanda af þessum litum. Epli eru notuð í margvíslega matargerð. Þau eru elduð, borðuð fersk og eplasafi og eplasíder eru vinsælir drykkir.</p>	 <p>Mynd 2: Epli</p>
<p>Mangó er ávöxtur mangótrésins og kemur upprunalega frá Indlandi. Aldinhýðið er þunnt og getur verið grænt, gult eða rauðleitt. Mangó-ávöxturinn hefur verið ræktaður í yfir 6.000 ár og er mjög næringarríkur. Aldinkjötið er appelsínugult. Það er sætt, safaríkt og ilmandi. Innst er stór steinn. Mangó er notað á ýmsan hátt í matargerð. Algengt er að búa til sultu (mangó-chutney) sem borin er fram með indverskum mat.</p>	 <p>Mynd 3: Mangó</p>

Tafla 2: Kartöflur

<p>Skipuleg kartöfluræktun í stórum stíl hófst 1684 í Lancashire, 1716 í Saxlandi, 1728 í Skotlandi, 1738 í Prússlandi og 1783 í Frakklandi. Skipuleg kartöflurækt í evrópsku nýlendunum í Norður-Ameríku hófst 1719 í New Hampshire. Meginástæður þess að kartaflan varð undirstöðufæða um alla Evrópu var tíður uppskerubrestur í kornræktinni á síðari hluta 18. aldar en löngu eftir þann tíma voru kartöflur fyrst og fremst ræktaðar sem dýrafóður á mörgum stöðum eða sem matur fyrir fanga.</p>	
<p>Kartaflan er undirstöðuhráefni í evrópskri matargerð. Evrópubúar og Bandaríkjamenn eru enn mestu kartöfluneytendurnir, en síðustu áratugi hefur kartöfluræktun farið ört vaxandi í Asíu. Kína er einn stærsti kartöflurframleiðandinn á heimsvísu með um fimmtung heimframleiðslunnar</p>	 <p>Mynd 4: Kartöflur</p>
<p>Sætar kartöflur eru fjölær jurtt sem gefur af sér hýðisávexti sem nefndir eru sætar kartöflur. Þær eru notaðar með svipuðum hætti og venjulegar kartöflur, en eru öllu sætari á bragðið. Sætar kartöflur eru ekki aðeins sérlega ljúffengar, heldur innihalda þær mikið af B6-vítamíni.</p>	 <p>Mynd 5: Sætar kartöflur</p>

Töfluyfirlit

Tafla 1: Ávextir
Tafla 2: Kartöflur

Myndayfirlit

Mynd 1: Bananar
Mynd 2: Epli
Mynd 3: Mangó
Mynd 4: Kartöflur
Mynd 5: Sætar kartöflur